



Aðalfundur SSH 2014

Fundargerð

38. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

38. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 24. október 2014 í íþróttamiðstöð Gróttu, Seltjarnarnesi og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundarsetning og kosning embættismanna fundarins

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar SSH, setur fund og stýrir kjöri fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri er kjörin Guðmundur Magnússon, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness.

Fundarritari er kjörin Gunnar Lúðvíksson, bæjarritari Seltjarnarness.

Fundarstjóri fer yfir dagskrána framundan. Hann kynnir síðan gest fundarins, Halldór Halldórsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ávarp formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga ávarpar fundinn. Hann fer lauslega yfir síðustu sveitarstjórnarkosningar, og lýsir áhyggjum sínum yfir minnkandi kosningaþátttöku, sem hefur farið á síðust árum úr 80% niður í núna um 66,5%, og upplýsir að verið sé að vinna úttekt á vegum ríkisins á þessum vanda eða áhugaleysi ef svo má kalla. Halldór lýsir þó að það sé mikið ánægjuefni að hlutur kvenna í sveitarstjórnnum hefur aukist jafnt og þétt og er núna komin í 44,5%. Mikil endurnýjun átti sér stað við síðustu sveitarstjórnarkosningar eða um 55%.

Halldór fór síðan yfir stöðu sveitarstjórnarsviðsins hér á landi og talaði um það að við hér á landi værum með hvað sjálfstæðustu tekjustofna miðað við nágrannalönd okkar. Hann kom inn á það að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi átt mjög góð samskipti við alla þá ráherra sveitarstjórna sem gegnt hafi því starfi á síðustu árum. Hann talaði um að 54% opinberra starfsmanna væri hjá sveitarfélögum og því væri sveitarfélögin stærri vinnuveitandi heldur en ríkið.

Halldór kom inn á að verið er að endurskoða kostnað á málefnum fatlaðra og að nú þurfi að ná samningum við ríkið um kostnaðarskiptingu, og tilfærslu á tekjustofnum til að mæta auknum kostnaði á þessu sviði.

Halldór sagði að í nýjum samningi við grunnskólakennara sem gildir til loka árs 2016 munu þeir fá um 18% hækkun á laun. Hann kom einnig inn á að ekki væri nóg samráð í ákvörðunartöku og framvæmd milli ríkis og sveitarfélaga. Tekin væri oft einhliða ákvörðun af ríkinu. Hann nefndi að eitt af stærstu vandamálum í þessu væri að gert væri samkomulag um einhverja verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu á því verkefni, og síðan væri því yfirleitt einhliða breytt á leiðinni.

Að lokum nefndi Halldór að vandinn í samskiptum sveitarstjórnarstigsins og ríkisins væri stór kerfisvandi sem yrði að laga.

Fundarstjóri þakkar Halldóri Halldórssyni formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir sitt erindi og kynnrir næsta lið á dagskrá sem eru aðalfundarstörf.

Almenn aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar – Gunnar Einarsson formaður

SSH hélt 12 stjórnarfundi á árinu.

Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH frá því að síðasti aðalfundur var haldinn með því að kynna skýrslu stjórnar. Fjallaði hann um þau ýmsu verkefni stjórnar og SSH á árinu sem getið er um í skýrslu stjórnar sem fundarmenn fengu.

Formaður fór yfir helstu verkefni á borði stjórnar á árinu. Hann minntist á breytingar sem orðið hefðu á fulltrúaráði SSH, það hefði í raun alltaf verið til en ekki verið starfandi, en með breytingum á samþykktum SSH 2011 hefði ráðið verið virkjað og frá því fundað 12 sinnum.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að er svæðisskipulagið og fer væntanlega í auglýsingu í nóvember og er reiknað með verklokum í mars eða apríl á næsta ári. Formaður vonast eftir því að sveitarfélögin beri meiri virðingu fyrir þessu skipulagi og taki tillit til nágrennsins þegar þeir eru að vinna að uppbyggingu heima fyrir, og vonast eftir að þetta svæðisskipulag verði mönnum ákveðinn vegvísir inn í framtíðina.

Gunnar upplýsti að farið hefði verið í mikla vinnu við að skoða vatnssvæði höfuðborgarsvæðisins og hugað að öflugri vatnsvernd á svæðinu.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins var unnin undir forustu Dags B. Eggertssonar og var þar unnið með 16 sérgreind verkefni. Verkefni þetta var styrkt af ríkinu og öðrum samtökum og fyrirtækjum.

Formaður greindi frá að nýr samningur hefði verið gerður um ferðaþjónustu fatlaðra sem 6 sveitarfélög stæðu að og mun Strætó bs. sjá um framkvæmdina sem mun hefjast um næstu áramót.

Gunnar minntist á samning við ríkið um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu þar sem ríkið átti að leggja fram 1 milljarð en strax á fyrsta ári var það einhliða skorið niður um 100 millj. og síðan aftur um 16 millj. Formaður nefndi að svona vinnubrögð ríkisins gengu ekki, ríkið yrði að standa við gerða samninga.

Ný eigendastefna byggðasamlaganna var formfest og umboð þeirra gerð skýrari.

Gerður var nýr samstarfssamningur um rekstur skíðasvæðanna eftir úttekt sem gerð var á starfseminni.

Formaður lætur að störfum eftir 2ja ára starf og þakkaði Gunnar samstarfið og boðaði að kosinn yrði nýr formaður á fundinum.

Formanni eru þökkuð störf sín á árinu.

b) Ársreikningur 2013 og fjárhagsáætlun 2015 – Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri

Páll Guðjónsson kynnir ársreikning 2013 og fjárhagsáætlun 2015. Aðalfjármagnstekjur SSH koma með framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá sveitarfélögum. SSH innheimtir sérstaklega fyrir ýmis verk sem unnin er á skrifstofunni og má þar nefna t.d. svæðisskipulagið og ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Síðan kom Páll inn á framlag ríkisins vegna sóknaráætlana höfuðborgarsvæðisins. Fjárhagurinn er sterkur í dag og með sama áframhaldi mun ganga vel. Fram kemur að SSH á hlut í Hvalfjarðargöngunum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 leiðir í ljós að ráðgerðar eru svipaðar tekjur enda mikilvægt að halda jöfnuði í rekstrinum. Farið aðeins yfir söguna varðandi þróun tekna SSH 2001-2014. Árið 2003 voru samtökin komin úr fjárhagsvanda og var siglt nokkuð lygnan sjó í góðærinu. Fundarstjóri býður til umræðna um þessa tvo liði saman á eftir, en gefur orðið laust til fundargesta.

Áslaug Friðriksdóttir, Reykjavík, spyr um ástæðu þess að gert er ráð fyrir auknum kostnaði við upplýsingatækni.

Páll Guðjónsson verður fyrir svörum og upplýsir að það verði að komast úr umhverfi einkatölvunnar og í almennileg stærri kerfi s.s. málaskráarkerfi og heimsíðukerfi svo eitthvað sé nefnt.

Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ, spyr um eigendasamkomulag um gasgerðarstöð í Álfsnesi. Hann spyr hvort það er einhver ástæða fyrir því að formaður hafi ekki nefnt þetta neitt í sinni skýrslu.

Gunnar Einarsson svaraði „að það væri ef til vill einhver lykt af þessu“ en án gríns, sagði að það væri engin ástæða fyrir því önnur en að honum hefði ef til vill fundist þetta svo sjálfsagt mál.

Áslaug Friðriksdóttir, Reykjavík, beinir því til stjórnar SSH að hún skoði möguleika á gera samning við eitthvert aðilafélagana um afnot og aðgang að upplýsingakerfunum sem fyrirhugað er að koma upp.

Guðmundur Davíðsson, Kjósahreppi, spyr um sauðfjárgirðingar

Páll Guðjónsson segir að samningur er við Vegagerðina um þessi mál.

Engar athugasemdir gerðar við framlagða reikninga og þeir samþykktir.

c) Tillaga um árgjald 2015 – liggur frammi til samþykktar

Tillaga er frá stjórn sambandsins um hækkun á árgjaldi í kr. 40,- samþykkt samhljóða.

d) Kosning endurskoðenda – tillaga

Lagt til að endurskoðendur verði Björk Vilhelmsdóttir í Reykjavík og Gunnar Valur Gíslason í Garðabæ, og er það samþykkt samhljóða.

Tillaga lögð fram til samþykktar um að löggiltur endurskoðandi verði áfram Eyvindur Albertsson hjá KPMG og er það samþykkt samhljóða.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Fundarstjóri býður velkomna Björk Vilhelmsdóttur, Reykjavík, sem ætlar að fjalla um „Grábók sambandsins“. Samskipti við ríkið í velferðarmálum.

Grábók sambandsins – Björk Vilhelmsdóttir

Árið 2012 byrjum við Páll, Tryggvi og Gyða að taka saman þessi gráu svæði í velferðarmálum, sem við kölluðum 50 Gráir skuggar og eftir það var það kallað Grábók. Hún veltir upp af hverju við eigum að fjalla um þetta, en það er vegna þess að við höfum með þjónustuhlutverkið að gera en ríkið skilgreinir þjónustuna.

Hún sagði að ríkið og sveitarfélögið hafi bæði verið í hagræðingafæri, en ríkið líti oft á það sem hagræðingu að færa verkefni til sveitarfélaga. Hún telur að það vera sameiginlegt verkefni að skilgreina þjónustustigið og finna fjármögnunina, annars verður þetta alltaf eins.

Það sem einkennir þessi gráu svæði er að ábyrgðin er ekki skýr og það er ekki gerð kröfulýsing og kostnaðargreining. Björk telur mjög nauðsynlegt að þegar verið er í samstarfi, að gerðar séu góðar kostnaðargreiningar til hægt verði að gera stífar kröfur.

Björk nefnir annað gott dæmi um þessi samskipti, en það er þegar m.a. Greiningarstöð ríkisins, Barnaverndarstofa og BUGL hætta að sinna greiningum. Ekki var það vegna þessa að þessi þörf hvarf heldur var hún flutt yfir á sveitarfélögin.

Björk nefndi mörg önnur dæmi um verkefni sem ríkið hefði hreinlega fært án fjármagns til sveitarfélaga og aldrei verið samið um.

Að lokum sagði Björg að framtíðarsýn sambandsins ekki vera Gráa heldur vilji fá hlutdeild í fjármagni sem tilheyrir þessum málaflokki.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga – kerfislægur vandi? – Hvað er til ráða? - Héðinn Unnsteinsson

Héðinn talar um að heildarmyndin sé nokkuð stór miðað við að hér búa aðeins um 327.000 manns. Við höfum 8 ráðuneyti, 10 ráðherra, 185 ríkisstofnanir, 74 sveitarfélög og ca. 140 þús skattgreiðendur. Hann talar um nauðsyn þess að hafa góða samvinnu, og að góð samvinna þýði ekki endilega að menn séu alltaf sammála um alla hluti heldur geti unnið saman og byggt upp ákveðna virðingu fyrir skoðunum hvers annars og þá má búast við að árangur náist.

Héðinn kom síðan inn á hversu flókið kerfið væri. Það væru 185 ríkisstofnanir og 8 ráðuneyti. Lítil samskipti væri milli einstakra ráðuneyta, og til væru starfsmenn með sömu verkefni innan mismunandi ráðuneyta þekktu lítt til hvors annars og hefðu lítil sem engin samskipti sín á milli. Einnig talar hann um að hinar ýmsu ríkisstofnanir væru oft að vinna ýmsar verk, skýrslur eða greiningarvinnu og þyrftu sömu gögn, en ekkert samráð haft. Þetta væri töluvert flókið mál en væri þó að breytast, það væri oftari farið að heyrast „við“ þurfum að gera þetta eða hitt.

Héðinn kom inn að það væru um 100 stefnur á áætlun en ekki fjármagnaðar, unnið væri að því að fækka þeim og skilgreina betur og fjármagna þær. Hann kemur inn á það þurfi að breyta „strúktúrnum“ og kúltúrnum og nefnir að það er í mannlegu eðli að þeir sem séu valdir til að hafa völd og áhrif eru sístir til að gefa þau eftir. Það er e.t.v. erfitt að breyta því sem hefur lítið breyst eða ekkert breyst. Við tókum þetta kerfi upp frá Dönunum og skrifræðið kom á eftir lýðræðinu.

Héðinn kom að lokum með þá spurningu hvernig eigi þessu tvö stig að ná þessum samtölum og samráðum í þessu flókna kerfi.

Fundarstjóri þakkaði Héðni fyrir sitt erindi og gerði 20 mín. kaffihlé.

Umræður

Nú hefjast umræður og boðið að beina spurningum til formanns SSH Gunnars Einarssonar, Halldórs Halldórssonar og Bjarkar Vilhelmsdóttur.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæ, hvað er til ráða í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Hann segir að það sé krónískur sjúkdómur í gangi, í viðhorfum starfsmanna í ráðuneytunum að allt sem sveitarstjórnarmenn geri er slæmt og að sveitarstjórnarmenn kunni ekki að fara með fjármuni. Haraldur benti á tvö dæmi um hvernig ríkið hugsi sambærileg mál á tvennan hátt eftir því hvernig niðurstaðan komi ríkinu til góða með að þurfa að greiða minna og láta kostnað koma niður á sveitarfélögin með stofnkostnaði búnaðar í byggingu framhaldskóla og hjúkrunarheimilis.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, talar um að það er ekki alltaf hinum að kenna. Við verðum að vanda okkur betur og benti í því sambandi á flutning á málefnum fatlaðs fólks sem

hann hefði bent á 2010 og stungið upp á að við frestuðum að taka málaflokkinn yfir þar til að það væri búið að greina verkefnið betur.

Halldór Halldórsson bendir á að það er endurskoðunarákvæði í samningnum og telur að ef frekari flutning á verkefnum verði þurfi að vera búið að setja lög og keyra eftir þeim í einhvern tíma til að meta kostnað af þeim áður en sveitarfélögin taki við þeim.

Björk Vilhelmsdóttir telur að ráðuneytisfólk sé of upptekið að meta kröfurnar en ekki kostnaðinn og við erum ekki nógu dugleg við að sýna fram á kostnaðinn. Það er ekki hægt að láta embættismenn ráða ferðinni.

Héðinn Unnsteinsson talar um að hér er um of mikinn kerfislægan vanta að ræða sem þurfi að laga.

Gunnar Einarsson tekur undir með að við verðum að sýna hörku í samskiptum við ríkið en ekki láta undan í öllum þeirra kröfum.

Að því sögðu þakkaði fundarstjóri fundarmönnum góða umræðu og svör þeirra sem sátu í panel.

Formannsskipti

Páll Guðjónsson kynnti hvernig formannsskipti ættu sér stað og komið væri að því að borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson tæki að sér starfið til næstu tveggja ára.

Að lokum þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir fundinn og komuna á Seltjarnarnes og hvatti fólk til að koma með fjölskyldur sínar um helgar og í frítíma, til að njóta alls þess góða sem Seltjarnarnes hefur upp á að bjóða.

Fundi slitið.